



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Samgöngustefna

Markmið samgöngustefnu embættis héraðssaksóknara er að stuðla að því að starfsfólk noti vistvæna, fjölbreytta og hagkvæma ferðamáta. Embættið vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið, bæta heilsu starfsfólks, sýna gott fordæmi og efla vitund starfsfólks um vistvænar samgöngur og fjölbreytta möguleika sem í boði eru til að stuðla að slíkum markmiðum.

Leiðir að markmiðum

Starfsfólk héraðssaksóknara er hvatt til að ganga, hjóla, nota aðra vistvæna ferðamáta eða almenningsamgöngur í ferðum til og frá vinnu. Starfsfólk er einnig hvatt til þess að ganga á starfstengda viðburði ef það tekur ekki of langan tíma, svo fremur sem óveður eða aðrar aðstæður torvelda ekki. Þá stendur einnig til boða að nota rafmagnshjól embættisins til notkunar í skemmri ferðir á vinnutíma. Embættið hvetur starfsfólk til að nýta síma- og fjarfundi þar sem það er mögulegt.

Þegar panta þarf leigu- og/eða bílaleigubíla er skylt að óska eftir vistvænum bílum. Samningur er við Hreyfil um að embættið fái vistvæna leigubíla þegar pantað er. Þá er starfsfólk einnig hvatt til að samnýta ferðir á vinnutíma eftir því sem kostur er. Fyrir starfsfólk sem notar vistvænan samgöngumáta greiðir embættið leigubílakostnað í neyðartilvikum t.d. vegna veikinda barna.

Starfsfólk er hvatt til að gera samgöngusamning við embættið. Í samgöngusamningi er kveðið á um að starfsmaður sem nýtir sér vistvænar samgöngur á leið til og frá vinnu eða á vegum vinnuveitanda fái tiltekna umbun sem tekur mið af reglum Skattsins um samgöngustyrkir og teljast ekki til skattskyldra tekna upp að ákveðnu hámarki á mánuði og að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Embættið kaupir Klappkort fyrir starfsfólk sem ákveður að nota strætisvagna að jafnaði til að ferðast í og úr vinnu eða tilfallandi.

Starfsfólk getur sótt um heilsustyrk sem veittur er árlega. Heimilt er að nota styrkinn til kaupa á reiðhjóli, rafmagnshjóli eða öðrum sambærilegum vistvænum fararskjóta. Enn fremur er heimilt að nýta styrkinn vegna útlagðs kostnaðar sem til fellur við að nýta vistvænan ferðamáta, svo sem til kaupa á hjólreiða- eða hlífðarfatnaði.

Héraðssaksóknari kappkostar við að tryggja góða aðstöðu á vinnustað fyrir þá sem stunda vistvænar samgöngur svo sem aðgang að búnings- og sturtuástöðu.

Embætti héraðssaksóknara 2. september 2024